

74. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 7. mars 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Reimar Sigurjónsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.73

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð hafnarstjórnar nr. 11

Í fundargerðinni kemur fram að Siglingastofnun mælir með því að gengið verði til samninga við Björgun ehf. Hafnarstjórn leggur því til við sveitarstjórn að taka tilboði Björguna ehf. kr. 199.157.120 m/vsk sem er 98,2% af kostnaðaráætlun. Hlutur Langanesbyggðar er 40% og er því ca.65 millj. án/vsk..

Fundargerðin samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að óska eftir því við Siglingastofnun að útbúa samning við Björgun ehf.

Samþykkt með fyrirvara um fjármögnun. Sveitarstjóra falið að vinna í því og að leggja fram gögn þess efnis á næsta sveitarstjórnarfundi.

3. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar

Í lið eitt leggur umhverfisnefnd til við sveitarstjórn að drögin að lokunaráætlun verði sent til umhverfisstofnunar. Liður eitt verður tekin sérstaklega fyrir í dagskrárlið 8 hér á eftir.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri sagði frá að hann hafi verið á aðalfundi Samorku 22. febrúar 2013
- Sveitarstjóri sagði frá því að hann hafi samið við Orra Árnason hjá Zeppelin arkitektum um að koma og gera frumdrög af leikskólabyggingu og mun hann vera hér í næstu viku.
- Sveitarstjóri leggur til að sent verði bréf til Veðurstofu Íslands um beiðni að veðurstöð verði komið fyrir hér á Þórshöfn.
- Búið að senda oddvita Svalbarðshrepps tillögu að uppgjöri fyrir árið 2012 vegna samstarfssamnings. Búið að ganga á eftir svari en það hefur ekki borist ennþá. Þar var ítrekað að það þyrfti að klára nýja samstarfssamning.
- Búið er að hafa samband við endurskoðendur og þeir stefna að því að verða hjá okkur í byrjun apríl.
- Sveitarstjóri sagði frá því að eigandi útgerðafélagsins Litlanes ehf. hefði tjáð honum að hann hafi selt útgerðafélagið í burtu frá Langanesbyggð. Í 12.gr. laga um stjórnun fiskveiða nr.116 2006 segir „Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan

fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests“

Sveitarfélagið hyggst ekki nýta forkaupsrétt sinn. Samþykkt samhljóða.

5. Bréf frá Náttúrustofu Norðausturlands.

Í bréfi Náttúrustofu Norðausturlands er verið að óska eftir því að Langanesbyggð. taki þátt í rekstri Náttúrustofu Norðausturlands. Nú taka þátt í verkefninu Norðurþing og Skútustaðahreppur, 30% á móti ríkinu. Hlutur Langanesbyggðar yrði á bilinu kr. 490.313 til 629.267 á ári og fer það eftir því hversu mörg sveitarfélög bætast í hóp rekstraraðila. Sveitarstjórn Langanesbyggðar sér sér ekki fært að vera með að svo stöddu. Sveitarstjóra falið að koma því á framfæri við Náttúrustofu Norðausturlands

Samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla regluvarðar 2012

Skýrslan lögð fram og yfirfarin og hún síðan samþykkt samhljóða.

7. Þjónustusamningur um rekstur Þórshafnarflugvallar og AFIS.

Samningurinn er á milli Langanesbyggðar og ÍSAVÍA um AFIS þjónustu.

Samningurinn samþykktur samhljóða.

8. Lokunaráætlun vegna urðunarsvæðis á Þórshöfn.

Fyrir fundinn liggja drög af lokunaráætlun urðunarsvæðisins á Þórshöfn.

Drögin að lokunaráætlun samþykkt samhljóða.

9. Bréf frá Fjármálaeftirlitinu.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins er eftirlitið að bjóða Langanesbyggð sátt að upphæð 500 þús. í staðin fyrir 650 þús. sem áður var boðið. Langanesbyggð hafnar allfarið þessari sátt þar sem það kom skýrt fram í álitum umboðsmanns alþingis að „um að leggja stjórnvaldssekt á Langanesbyggð að fjárhæð 1.300.000 kr. hafi ekki verið í samræmi við lög“

Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu í samstarfi við hin sveitarfélögin sem standa í samsvarandi máli. Samþykkt samhljóða.

10. Íbúaráðstefna.

Lagt til að halda íbúaráðstefnu í Langanesbyggð um atvinnuuppbyggingu nýsköpun og tækifæri, í apríl eða snemma í maí. Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að undirbúa það í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyjunga.

Sveitarstjórnarmenn hvattir til að koma á framfæri hugmyndum til sveitarstjóra eða skrifstofustjóra.

Samþykkt samhljóða.

11. Flug.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur það fullkomlega óásættanlegt að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Þórshöfn og Vopnafirði sé ekki tryggður nema út árið 2013. Þessi mikilvæga samgönguleið má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður. Eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar er að almenningsamgöngur séu góðar innan svæða og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna. Flugvellir á borð við Þórshafnarflugvöll eru aðgöngudyr þessa landssvæðis að því að unnt sé að ná því megin markmiði samgönguáætlunar að komast til höfuðborgarinnar á um það bil þremur klukkustundum. Áætlunarflug til Þórshafnar er gríðarlega mikilvægt atvinnulífi í sveitarfélaginu og ekki síður ferðaþjónustu á svæðinu. Auk þess leikur Þórshafnarflugvöllur stórt hlutverk í skipulagi og -uppbyggingu í sveitarfélaginu til framtíðar. Flugvöllurinn gegnir einnig lykilhlutverki í öryggi íbúana m.t.t. sjúkraflugs til Þórshafnar og Vopnafjarðar. Með því að draga úr mikilvægi flugvallarins, er framtíðaráformum og -búsetuskilyrðum í Langanesbyggð stefnt í voða. Vonast er til þess að

yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til áframhaldandi áætlunarflugs til Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Sveitarstjóra falið að senda eftirfarandi ályktun á innanríkisráðherra og afrit á vegagerðina og þingmenn Norðausturkjördæmis.

12. Fjárhagsáætlun 2014-2016

Í bréfi sem barst frá EFS þann 21. janúar 2013 var óskað eftir því að 3 ára áætlun Langanesbyggðar verði sett fram með vísitölutengingu en ekki á föstu verðlagi og að sú áætlun yrði samþykkt af sveitarstjórn. Áætlunin sem samþykkt var í desember sl. var unnin í samvinnu við KPMG og á föstu verðlagi líkt og önnur sveitarfélög gera. Í fundargögnunum er lögð fram áætlun þar sem búið er að vísitölutengja 3 ára áætlun unnið í samvinnu við KPMG. Endurskoðendur frá KPMG voru í samskiptum við EFS vegna þessa.

Framlagður er viðauki við fjárhagsáætlun 2014-2016 sem samþykkt var í desember sl. sem felur í sér vísitölutengingu 3 ára áætlunar.

Samþykkt samhljóða.

13. Hallgilsstaðir

Ævar og Indriði bentu á vanhæfi sitt til að fjalla um þetta mál. Það var borið undir fundinn sem samþykkti vanhæfi þeirra og þeir viku af fundi.

Leigutilboð bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Maríusi Snæ Halldórssyni og Láru Björk Sigurðardóttur
- Jóhönnu Ingimundardóttur
- Krzyszof Krawczyk og Sigríði Ósk Indriðadóttur

Aðeins eitt tilboð uppfyllti þau skilyrði sem sett voru fram í auglýsingunni. Tilboðin voru yfirfarin og samþykkt að ganga til samninga við Maríus og Láru.

Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að ganga til viðræðna við viðkomandi.

Samþykkt samhljóða

14. Langanesvegur 2

Eigendur óska eftir ákveðnu svari frá sveitarfélaginu.

Málin rædd. Sveitarfélagið er ekki tilbúið að leigja eða kaupa hluta af Langanesvegi 2 eins og málin standa.

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt

Fundi slitið kl 20:18